Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 3. nóvember 2015
1508427 HS

**Efni: Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi, breyting á nýtingahlutfalli**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs Akraness, sem haldinn var þann 2. nóv. s.l., var fjallað um breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga sem felst í að breyta nýtingahlutfall einbýlislóða.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 16. sept. til og með 30. okt. 2015. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til umsagnar.*

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður P. Harðarson.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Meðf.: Breyting á greinargerð

# Skógahverfi, Akranesi.
# Deiliskipulag 2. áfanga íbúðarsvæðis

## Breyting – nýtingarhlutfall

Bæjarstjórn Akraness leggur til að deiliskipulagi 2. áfanga Skógahverfis verði breytt á þann veg að hámarksnýtingarhlutfall á einbýlishúsalóðum verði lækkað úr 0,5 í 0,35. Tilefni breytingarinnar eru breytingar á ákvörðun gatnagerðargjalda, sem gerðar voru eftir samþykkt deiliskipulagsins. Gjöld miðast nú við hámarksnýtingarhlutfall lóða en í deiliskipulaginu var nýtingarhlutfall sett almennt án tillits til áhrifa á upphæð gjalda. Breytingin er jafnframt til samræmis við ákvæði í deiliskipulagi 1. áfanga hverfisins.

Breytingin snertir ekki megindrætti deiliskipulagsins og hefur engin neikvæð áhrif á umhverfi eða hagsmuni annarra en sveitarfélagsins. Hún telst því óveruleg. Engin breyting er gerð á skipulagsuppdrætti.

Eftirfarandi breyting verður á kafla 4.2.1 í greinargerð deiliskipulagsins:

**Gildandi deiliskipulag:**

Almennt skal við það miða að hámarksnýtingarhlutfall á sérbýlishúsalóðum sé 0,5.

**Breytt deiliskipulag:**

Hámarksnýtingarhlutfall einbýlishúsalóða er 0,35 og raðhúsalóða 0,5.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð samkvæmt
1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var auglýst
frá ___________ til ____________
var samþykkt í bæjarstjórn Akraness

______________

______________________________

bæjarstjóri

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________